

## 6. fundur stjórnar ForMA skólaárið 2015-2016

Haldinn fimmtudaginn 4. febrúar 2016 kl. 16:30 í Meistarastofu.

Mætt voru: Ester Stefánsdóttir, Arne Vagn Olsen, Erla Sigurðardóttir, Ragnheiður Halldórsdóttir og Heimir Harldsson námsráðgjafi. Gestur: Jón Már Héðinsson, skólameistari.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt með smávægilegum breytingum.
2. Jón Már boðinn velkominn og rætt við hann um ný lög ForMA. Jón Már lítur þannig á að Foreldrafélag Menntaskólans á Akureyri starfi einnig sem foreldraráð. Fundurinn telur að það sé óþarfi að breyta nafni félagsins. Jón Már gerir engar athugasemdir við nýju lögin en segir að hingað til hafi ForMA ekki setið skólafundi MA nema eftir þörfum. Hann talar um mikilvægi þess að fulltrúar nemenda og foreldra mæti á skólafundina sem væru þá stjórnir ForMA og Hugins. Á skólafundi sitja einnig allir starfsmenn skólans og skólafundur því góður vettvangur til umræðna og spurninga. Erla Sigurðardóttir tók að sér að bæta inn í reglur ForMA grein um að stjórnin sé boðuð með viðeigandi hætti. Rætt um nauðsyn þess að skólameistari staðfesti nýju lögin með undirritun og verður nafni hans og línu bætt á skjalið. Nýju lögin þarf síðan að senda út á foreldra ólögráða nemenda fyrir aðalfund í samræmi við núgildandi lög.
3. Niðurstöður prófa ræddar lítillega við Jón Má. Hann segir prófhald hafa gengið mjög vel fyrir sig og próftími var lengdur fyrir alla nemendur skólans. Það mæltist almennt vel fyrir. Rætt um hættuna á því að prófin verði lengd í samræmi við lengdan próftíma en Jón Már lagði mikla áherslu á það við fagstjóra MA að halda sig innan fyrirfram ákveðins ramma. Ekki er búið að taka saman einkunnadreifingu fyrir haustannar prófin en stjórn ForMA mun fá það til skoðunar.
4. Staða viðburða rædd. Arionbanki er nú með lausa samninga við Jón Jónsson en hann hefur verið með fyrirlestra um fjármálalæsi. Skýrist því vonandi á næstu 2 vikum hvort Jón gefi kost á sér í apríl. Stjórn Hugins telur 2 fræðsludaga nú á vorönn vera of mikið og 18. febrúar hentar ekki vegna m.a. Gettu betur keppinnar. Gunnlaugur Víðir forvarnarfulltrúi hafði boðist til að vera með erindi en mögulega verður það að bíða haustsins eða haldið í apríl ef Jón kemst ekki.
5. Á næsta fundi stjórnar ForMA þarf að fara yfir nýju lögin og áðurgreindar breytingar. Eins þarf að ræða skipulag skálaferða.

Þar með er efni fundar upptalið. Næsti fundur er áætlaður 3. mars kl. 16:30 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði í fjarveru ritara Ragnheiður Halldórsdóttir.